

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu.

Hinn 9. október 1996 voru gerðar bókanir um breytingu á bókun B og um breytingu á 16. gr. og VII. viðauka við samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Slóveníu frá 13. júní 1995, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996.

Tilkynnt verður um gildistöku bókananna síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tékklands tók á árinu 1996 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 6/1993 og 57/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/96	15.10.1996	Breyting á II. viðauka varðandi fisk	15.10.1996
2/96	15.10.1996	Breyting á I. viðauka varðandi tilteknar vörur sem samningurinn gildir ekki um	15.10.1996
3/96	15.10.1996	Framlenging undanþágu frá ákvæði í 23. gr. bókunar B	15.10.1996
4/96	15.10.1996	Breyting á bókun B	01.01.1997
5/96	15.10.1996	Breyting á bókun C varðandi tolla	Hefur ekki öðlast gildi
6/96	15.10.1996	Niðurfelling á V. viðauka	15.10.1996
7/96	15.10.1996	Breyting á VI. viðauka varðandi tolla á útflutningsvörur	15.10.1996
8/96	15.10.1996	Breyting á 12. gr. og X. viðauka varðandi tæknilegar reglugerðir	Hefur ekki öðlast gildi
9/96	15.10.1996	Breyting á 40. gr. varðandi vörslu samningsins	Hefur ekki öðlast gildi
10/96	29.11.1996	Niðurfelling III. viðauka varðandi tolla á innflutning	01.01.1997
11/96	23.12.1996	Breyting á bókun A varðandi unnar landbúnaðarvörur	01.01.1997